

Stjórnarfundur nr. 17
5. maí 2010 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Friðrik Lunddal og Margrét Kjartansdóttir boðuðu forföll.

1. Ársskýrslur frá stjórnunum deilda

- Skýrsla stjórnar Svæðafélags HRFÍ á norðurlandi.

Svara bréfi A-2369/A-2370

Til Svæðafélags Noðurlands

Samkvæmt reglum um svæðafélög segir í kaflanum VI. Stjórn svæðafélags í lið 14, 15 og 16:

- "14. Stjórn svæðafélags stjórnar rekstri þess á milli aðalfunda. Í stjórn sitja formaður og 4 stjórnarmenn.*
- 15. Á stofnundi skal kjósa formann til tveggja ára, tvo stjórnarmenn til eins árs, tvo stjórnarmenn til tveggja ára og varamann til eins árs. Síðan skal annað hvert ár kjósa á aðalfundi formann til tveggja ára, tvo stjórnarmenn til tveggja ára og varamann til eins árs. Endurkjör er leyfileg. Stjórnarmenn og varamenn má aðeins velja úr röðum félagsmanna. Ár er í þessu samhengi talið frá einum aðalfundi til þess næsta.*
- 16. Formaður boðar til stjórnarfunda. Stjórnin skal koma saman a.m.k. fjórum sinnum á ári. Á stjórnarfundum skal færa fundargerð. Stjórnarfundur er ályktunarbær þegar a.m.k. þrír stjórnarmenn eru mættir. Um ályktun stjórnar ræður einfaldur meirihluti. Við jöfn atkvæði ræður atkvæði formanns úrslitum."*

Samkvæmt ofangreindu eru of margir í stjórn Svæðafélagsins. Stjórn HRFÍ óskar eftir upplýsingum um hvernig staðið var að kosningu á aðalfundi. Var t.d. formaður kosinn sérstaklega eins og fram kemur í ofangreindum lögum?

- Skýrsla stjórnar fjár- og hjarðhundadeildar

2. Nýir hringstjórar - tölvupóstur frá sýningarstjórn 3. maí 2010

A-2371

Ágæta stjórn HRFÍ

Sýningastjórn hefur samþykkt að leggja til við stjórn HRFÍ að hún útskrifi eftirtalda aðila sem hringstjóra á hundasýningum félagsins:

Soffía Kwaszenko
Hulda Margrét Óladóttir

*Með bestu kveðju,
f.h. sýningarstjórnar Hundaræktarfélag Íslands
Valgerður Júlíusdóttir*

Samþykkt og þær fá send skírteini fyrir næstu sýningu.

3. Ársfundir deilda – flestar deildir hafa haldið ársfundi. Enn vantar ársskýrslur

Rækuardeild	Fundur	Ársskýrsla
Boxerdeild	ólokið	
Cavarlierdeild	þriðjudaginn 23. mars	skilað 31. mars
Chihuahuedeild	mánudaginn 29. mars	skilað 21. apríl
DÍF	fimmtudaginn 25. mars	
Ensk cocker spanieldeild	þriðjudaginn 6. apríl	
Fjár- og hjarðhundadeild	miðvikudaginn 31. mars	30. apríl
Fuglahundadeild	frestað	

Grefil- og sporhundadeild	frestað	
Írsk setterdeild	ólokið	
Mjóhundadeild	laugardaginn 6. febrúar	
Papillon og phalenedeild	mánudaginn 8. mars	
Pincher-, mastiff- og fjallahundadeild	þriðjudaginn 2. mars	
Retrieverdeild	miðvikudaginn 10. mars	skilað 15. mars
Schäferdeild	fimmtudaginn 18. mars	
Schnauzerdeild	fimmtudaginn 11. mars	skilað 23. mars
Shih tzu deild	miðvikudaginn 17. mars	skilað 8. apríl
Smáhundadeild	miðvikudaginn 31. mars	skilað 21. apríl
Spanieldeild	þriðjudaginn 27. apríl	
Spitzhundadeild	föstudaginn 27. febrúar	
Terrierdeild	laugardaginn 27. mars	
Tíbet spanieldeild	miðvikudaginn 10. febrúar	
Vorstehdeild	miðvikudaginn 24. mars, frestað	skilað 25. mars
Íþóttadeild	mánudaginn 19. apríl	
Unglingadeild	fimmtudaginn 29. apríl	
Svæðafélag Norðurlands	miðvikudaginn 14. apríl	skilað 4. maí
Vinnuhundadeild	laugardaginn 13. mars	

4. Banna hundahald! – Bréf frá Auði Hallgrímsdóttir í Garðabæ

Samþykkt að kynna á fulltrúaráðsfundi og setja eftirfarandi tilkynningu á vefsíðuna og póstlista:

Kæru hundeigendur.

Nú er sérstaklega mikilvægt að við stöndum öll saman!

Vegna komandi kosninga hefur sprottið upp mikil umræða vegna hundahalds í höfuðborginni og í öðrum sveitarfélögum. Þessi umræða er síður en svo jákvæð í okkar garð enda snýst hún aðallega um lausagöngu hunda og hundaskít. Menn hafa jafnvel gengið svo langt að stinga upp á því að hundahald verði bannað í þeim svartarfélagum þar sem það er leyft. Ef slíkt bann yrði raunin yrði það stórt skref aftur á bak í þeirri löngu og ströngu baráttu sem við hundeigendur höfum herjað við yfirvöld og samlanda okkar í gegnum tíðina.

Þess vegna verðum við að standa saman og taka okkur á!

Margir frambjóðendur eru með opna fundi fyrir bæjarbúa þar sem alls kyns umræður spretta upp, til dæmis urmræður um hundahald. Þar af leiðandi er mikilvægt að ábygir hundeigendur mæti á slíka fundi og haldi uppi heiðri okkar hundeigenda.

Barátturkveðjur,

Hundaræktarfélag Íslands.

5. Bréf frá stjórn Fuglahundadeildar sent með tölvupósti þann 30. apríl – Ósk um endurskoðun ákvörðunar stjórnar HRFÍ frá 15. apríl varðandi alhliðaveiðipróf.

Frestað

6. Hundasýning í reiðhöllinni í Víðidal helgina 5.-6. júní.

Dómarar verða: Annukka Paloheimo (Finnland), Georgious Kostopoulos (Grikkland), Jeff Horswell (Bretland), Paul Stanton (Svíþjóð), Torbjorn Skaar (Svíþjóð). Svava Arnórsdóttir dæmir unga sýnendur

Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 7. maí.

7. Augnskoðun 5.-6. júní í tengslum við júní sýningu

Dýralæknarnir Finn Bøserup og Jens Knudsen frá Danmörku augnskoða hunda í Reiðhöllinni í Víðidal dagana 5. og 6. júní, í tengslum við sumarsýningu félagsins. Nú hafa eins 98 hundar verið skráðir.

Að hvetja félagsmenn til að skrá sig sem fyrst þannig að hægt sé að gera ráðstafanir varðandi flugmiða. Ef skráning verður undir 150 hundum er alveg ljóst að aðeins einn

dýralæknir kemur. Senda póst á dýralæknana og kanna hvað þeir eru tilbúnir til að gera.

8. Ræktunarnámskeið 15.-16. maí í Sólheimakot

Dómararnir Liz-Beth Liljeqvist og Ann-Chatrin Edoff verða með ræktunarnámskeið helgina 15.-16. maí, kl. 9:00- 17:00 báða dagana. Ann-Chatrin sér um skapgerð og skapgerðarmat hunda en Liz-Beth það sem snýr að byggingu og heildarútliti hunda. Áhersla verður lögð á 5 hundategundir. Nú eru alls skráðir 47 félagsmenn en 40 hafa nú þegar greitt.

Mikilvægt að Sólheimkot sé hreint. Valgerður J. hefur rætt málið við Margréti Kjartansdóttur umsjónaraðila Sólheimakots að passa upp á að þrifa fyrir námskeiðið.

9. Styrkur frá Melabúðinni

Undirritaður tilkynnir hér með að Melabúðin ehf. kt. 430101-2420 mun styrkja kostnað annars dómara á prófi no. 501007 hingað til lands sem og upphald hér á landi. Nánari útfærsla kemur með uppgjöri prófs.

*Virðingarfyllst,
Melabúðin ehf,
Pétur Alan Guðmundsson
Framkvæmdastjóri*

**Formaður HRFÍ færði forsvarsmönnum Melabúðarinnar þakkið þann 3. maí sl.:
Fyrir hönd Hundaræktarfélagsins færi ég eigendum Melabúðarinnar bestu þakkið fyrir rausnarlegan styrk. Þetta verður aldeilis glæsilegur viðburður á vegum Fuglahundadeildar bæði sunnan og norðan heiða.**

10. Hækkun á aflestri AD/HD frá NKK

„We would like to inform you that the prices of reading pictures was going up from NOK 200 to 205 for our Norwegian clients from January 1st.

By a mistake done by us, you were never informed about the price increase, and we have therefore decided that the prices for Icelandic clients will increase from 1st July 2010 in order for you to have time to inform your clients.”

Frá 1. júlí n.k. kostar því aflestur HD eða AD NOK.255.- og aflestur HD og AD NOK.460.-

Samþykkt að hafa gjaldskrá óbreytta þrátt fyrir hækkun.

11. Önnur mál

- Fulltrúaráðsfundur 5. maí kl.20
- Aðalfundur – undirbúningur
- Sólheimakot – umgengni og viðhald

12. Næsti stjórnarfundur miðvikudaginn 19. maí kl.17:00